

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. október 2023, Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Skotæfingasvæði á Álfsnesi. Drög að tillögu sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga

Góðan daginn

Drög að aðalskipulagbreytingu er varðar skotípróttasvæði á Álfsnesi, sbr. áður kynnt verkefnislýsing, eru nú til kynningar og umsagnar. Í drögunum er sett fram tillaga að skilgreiningu ípróttasvæðis á Álfsnesi, þar sem núverandi skotæfingasvæði eru til staðar í dag. Gert er ráð fyrir að um tímabundna landnotkunarheimild sé að ræða og verði heimilt að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu til ársloka 2028. Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið. Með vísan til 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga eru umrædd gögn lögð fram til kynningar og umsagnar.

Drögin verða til kynningar í skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum, sjá skipulagsgatt.is. Sjá einnig meðfylgjandi skjal.

Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á þeim vettvangi fyrir 2. nóvember nk. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)
Deildarstjóri aðal- og svæðisskipulags
Umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.